

## REGLUR

**um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða verklag  
sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi aðila.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

2. gr.

*Verklag sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi aðila.*

Í 8. mgr. 44. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 segir að noti váttryggingafélag lánshæfismat lánshæfismatsstofnunar við útreikning á váttryggingaskuld og gjaldþolskröfu skuli það vera hluti af áhættustýringu félagsins að meta hvort lánshæfismatið eigi við með því að nota aðrar aðferðir við mat verði því við komið í því skyni að draga úr sjálfvirkum áhrifum utanaðkomandi aðila. Reglur þessar eru settar til að innleiða tæknilega staðla sem mæla fyrir um verklag sem fylgja skal við mat á því hvort lánshæfismat utanaðkomandi aðila sé viðeigandi.

3. gr.

*Innleiðing reglugerðar.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2015 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla um verklag sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi aðila í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2015 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 31-32.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 9. mgr. 44. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, 25. júní 2018.*

**Unnur Gunnarsdóttir.**

*Rúnar Guðmundsson.*